**Námsáætlun fyrir ensku - 4. bekkur**
**skólaárið 2023-2024**

**Kennari:** Bryndís Knútsdóttir og S. Þóra Gunnarsdóttir
**Tímafjöldi:** 1 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Við lok 4. bekkjar geti nemandi: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | • Skilið einfalt talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf og skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl. | Nemendur hlusta á fyrirmæli kennara.<br>Nemendur hlusta á margvísleg verkefni úr námsefninu. | Hlustunarverkefni. |
| **Lesskilningur** | • Lesið sér til gagns stutta og auðlesna texta, fundið lykilupplýsingar í stuttum textum í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. | Textar lesnir og nemendur læra nýjan orðaforða.<br>Nemendur vinna fjölbreytta texta í vinnubókum. Nemendur lesa og þýða mismunandi texta. | Glósupróf, skilningskannanir og verkefni. |
| **Samskipti/frásögn** | • Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans, sagt frá reynslu og eigin skoðunum, haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða, beitt algengustu kurteisisvenjum, | Nemendur ræða saman einfalda hluti á ensku úr námsefninu.<br>Nemendur segja frá sjálfum sér á ensku.<br>Nemendur segja frá texta sem þau hafa lesið á ensku. | Virkni metin |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ritun** | • Skrifað stutta texta með stuðningi gátlista og fyrirmynda. | Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. | Verkefni metin.<br>Símat. |
| **Menningarlæsi** | • Sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað sé líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. | Nemendur kynnast menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið. | Virkni metin.<br>Símat. |
| **Sjálfstæði og samvinna** | • Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.<br>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.<br>• Unnið vel og farið eftir fyrirmælum.<br>• Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi. | | |

**Námsgögn:**
Speak out
Work out
Leikir og verkefni í gegnum rafræna töflu
Námsefni frá kennara. Ýmis verkefni í Seesaw.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Virkni nemenda verður einnig metin.